

Fundur í skólaráði Akurskóla 16. apríl 2012 kl. 15:00.

Mættir á fundinn eru: Jónína skólastjóri, Guðmundur og Sólveig fulltrúar kennara, Birna fulltrúi annarra starfsmanna og Halldóra aðstoðarskólastjóri sem er áheyrnarfulltrúi og ritar fundargerð. Katrín fulltrúi foreldra boðaði forföll., Magnús fulltrúi grenndarsamfélags tilkynnti veikindi. Eyjólfur fulltrúi nemenda mætti kl. 16:00 misskilningur með fundartíma.

1. Skóladagatal 2012 – 2013. Skólaráð samþykkir samhljóða framlagt skóladagatal sem samþykkt var á starfsmannafundi 21. mars, með þeim breytingum að kennsla eftir páskahefist á miðvikudegi, skólaslit verða 6. júní í stað 5. júní og síðasti starfsdagur verður 11. júní. Þetta er gert til samræmingar öðrum skólum í Reykjanesbæ.
2. Vorferðir -Jónína sagði frá boði á Sinfóníutónleika í Hörpunni, farið verður með 4. og 5. bekk, verður um leið vorferð þeirra. 8.9. og 10. bekkur fara í Flott án fíknar. 10. bekkur fer í lokaferð, 1. bekkur fer í sveitaferð. Aðrir ætla að gæta hófs í vorferðum.
3. Vinna við endurskoðun skólanámskrár er hafin og verður unnið áfram í vor og næstu skólaár.
4. Logos – lesskimun – kynning á niðurstöðum í 3. og 6. bekk. Nemendur Akurskóla mælast mjög sterkir í lesskilningi og leshraðinn ekki langt að baki. Í 6. bekk kemur skólinn út í 3. sæti á Reykjanesi og í fyrsta sæti í 3. bekk. Mikilvægt er að halda áfram þeirri vinnu sem verið hefur í gangi í tengslum við lestrarkennslu, svo sem Byrjendalæsi og Orð af orði.
5. Lögð fram til kynningar Drög að sjálfsmatsáætlun 2011 – 2014 ásamt Greinargerð um innra mat 2010 – 2011.

Fundi slitið kl. 16:15.